



## HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. apríl 2021

Tilvísun: 202104-0730

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda).**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent héraðssaksóknara til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á meðferð sakamála (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda), 718. mál.

Héraðssaksóknari tekur undir þær tillögur á breytingum sem lagðar eru til með frumvarpinu og telur þær almennt til bóta. Þó er bent á að rétt sé að samræma betur reglur um aðgang brotþola og réttargæslumanna við reglur sem gilda um aðgang verjenda og sakborninga.

Með frumvarpinu er lagt til að sérstaklega verði kveðið á um það í a- og c-liðum 59. gr. laga um meðferð sakamála að þeir taki til brotþola sem eru með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun. Núgildandi a-liður tekur eingöngu til barna undir 15 ára aldri og c-liður felur ekki í sér tæmandi talningu á þeim sem geta fallið þar undir en börn nefnd í dæmaskyni. Þótt það sé jákvætt að sérstaklega sé kveðið á um að taka megi tillit til fötlunar með þeim hætti sem lagt er til í frumvarpinu telur héraðssaksóknari hins vegar mjög brýnt að skoða hvort rétt sé að hverfa frá því fyrirkomulagi að taka dómskýrslu á rannsóknarstigi af brotþolum, t.d. í kynferðisbrotamálum. Ljóst er að það getur raskað rannsóknarhagsmunum þegar skýrsla er tekin af brotþola í kynferðisbrotamáli að viðstöddum verjanda sakbornings, áður en eiginleg skýrsla er tekin af sakborningi sjálfum. Í Noregi og Danmörku hefur verið fallið frá þessu fyrirkomulagi og þess í stað byggt á skýrslum hjá lögreglu (aðlöguð skýrslutaka) sem teknar eru upp í hljóð og mynd og spilaðar eru við aðalmeðferð. Framkvæmdin þar er þá sú að fyrstu skýrslur af þolendum eru teknar án þess að sakborningur eða verjandi séu viðstaddir en sakborningur getur óskað eftir frekari skýrslu af brotþola eftir að hann hefur sjálfur gefið skýrslu. Í undantekningartilvikum þurfa brotþolar að gefa skýrslu við aðalmeðferð.

Þá er sú athugasemd gerð við 8. gr. frumvarpsins að verði það að lögum verður skylt að taka skýrslu fyrir dómi af brotþola með geðræna eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun þegar til rannsóknar er kynferðisbrot. Fatlað fólk er ekki einsleitur hópur og er mikilvægt að lög og reglur geri ráð fyrir svigrúmi þegar brot gegn fötluðum eru til rannsóknar. Hætt er við því að ef ákvæðið verður orðað með svo afgerandi hætti að þetta mikilvæga svigrúm tapist enda

ljóst að ekki öll fötlun kallar á sérúrræði við rannsókn sakamála. Er því lagt til að ákvæðið verði orðað með þeim hætti að heimilt sé að taka skýrslu með þessum hætti af fötluðu fólki en það verði ekki skylda.

Embætti héraðssaksóknara

*Kolbrún Ben.*

Kolbrún Benediktsdóttir, varahéraðssaksóknari

